

Dags eftirlits	1.7.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti: 1) Ekki var tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnun um útsetningu seiða í kvíar á Tjaldnesi. 2) Upplýsingar um vöktun á svæði fyrir útsetningu barst 1 mánuði eftir útsetningu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 10.000 tonn og nær það til þriggja sjókvíaeldissvæða í Arnarfirði. Sjókvíaeldi A samanstendur af eldissvæðunum Haganesi og Steinanesi, sjókvíaeldi B samanstendur af eldissvæðum við Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót, sjókvíaeldi C samanstendur af eldissvæðum við Hringsdal og Kirkjuból. Starfsleyfið gildir til 15. febrúar 2032.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgigögn

- Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.

- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

- Heildarframleiðsla ársins 2024 var 11.198 tonn. Leyfilegur heildarlífmassi á hverjum tíma er 10.000 tonn, rekstraraðili var innan leyfilegra marka árið 2024. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 7,2 kg P/tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi sem er 10,0 kg P/tonn á ári. Skráningar í ársyfirliti voru skv. gr 4.1 í starfsleyfi og voru í lagi. Notað var 122,5 tonn af Slice fóðri fyrir aflúsun og 106,1 lítrar af lúsalyfinu Salmosan.

- Skv. mælingum sem gerðar voru við hvíldarsýnartöku 10. september 2024 í Tjaldnesi sem var styrkur kopars á stöð C1 61,1 mg/kg þurrvigt sem fellur í umhverfismörk II “lág gildi” samkvæmt viðmiðum í reglugerð 769/1999. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki fengið tilkynningu um útsetningu á seiðum í Tjaldanes sem fór fram 27. september 2024, og er það því frávik frá grein 3.2 í starfsleyfi. Upplýsingar um útsetningu seiða voru fengnar af mælaborði fiskeldis hjá Matvælastofnun. Eftirlitsaðili fékk upplýsingar um vöktun á svæðinu einum mánuði eftir að útsetning átti sér stað eða 1. nóvember 2024 og er það því frávik. Niðurstöður rannsókna eiga að liggja fyrir tveimur vikum fyrir útsetningu samkvæmt grein 3.2 í starfsleyfi. Frávikinu er lokað þar sem skýrslan hefur borist eftirlitsaðila.

- Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.

- Farið var í skoðunarferð í kvíar og prammanna í Arnarfirði, fiskur var á öllum svæðum.

7. Um borð í þrómmunum voru efni geymd á lekabyttum og meltugeymir var vel merktur.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.2 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila hvenær seiði verða sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Eftirlitsaðili hefur ekki fengið tilkynningu vegna útsetningar seiða í Tjaldnesi.
gr. 3.2 í starfsleyfi.	Niðurstöður um vöktun eldissvæða þarf að leggja fyrir áður en seiði eru sett í kvíar og sent til eftirlitsaðila með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara fyrir útsetningu. Frávikinur hefur verið lokað þar sem skýrslan hefur borist eftirlitsaðila.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: Töluvert af fugli var við eina kví í Hringsdal, fuglarnir sveimuðu yfir og sátu á netinu. Einnig var töluvert af fugli við eina kví í Steinanesi.

ANNAD

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.08.2025

Auður Eyberg Helgadóttir